

EIRÍKUR RÖGNVALDSSON, PRÓFESSOR Í ÍSLENSKU

Staðan er sterk en tölvuheimur ógnar

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, segir stöðu íslenskunar að mörgu leytí góða.

„Hún stendur sterkt. Málið er notað á öllum sviðum þjóðfélagsins, það er að segja í stjórn- og menntakerfi, viðskiptum og daglegu lífi. Mikið er rætt um málbreyingar og erlend áhrif og annað slíkt en þau koma og fara. Íslenskan breytist auðvitað en það hefur hún alltaf gert.“

Hann segir hins vegar að það geti ógnað stöðu málssins ef allur almenningur hættir að geta stuðst við íslensku í samskiptum sínum við tölvur í daglegu lífi. „Fyrir hrún var talað um að enskan væri mikið notuð í viðskiptalífinu, samskipti manna og fundir fyrirtækja færu fram á ensku. Það virðist spenn hafa breyst aftur eftir hrún. Áðalhættan felst í því ef málið verður ekki notað á tilteknum sviðum. Ég hef haldið því fram í mörg ár að horfa þurfi til upplýsingatækni og tölvuheimsins í ljósi þess að það er alveg ljóst að á næstu árum munum við hafa miklu meiri samskipti við tölvur. Fleiri og fleiri tæki í umhverfi okkar eru orðin tölvustýrð. Próunin er í þá átt að þessum tölvum sé stjórnæld með mannlegu máli í stað þess að ýta á takka eða slá inn skipanir. Spurningin er hvaða tungumál við getum notað í þeim samskiptum.

Fyrir 20-25 árum var mikið talað



um að enskan væri svo ráðandi í flugmáli og þá var rokið til og búa til flugorðasafn. Þar vorum við hins vegar að tala um lítinn og afmarkaðan hóp af fólk sem

notaði ensku á afmörkuðu sviði síns daglega lífs. Núna stöndum við frammi fyrir því að þetta tengist ekki afmörkuðum hópi heldur gæti komið til þess að allur almenningur geti ekki notað íslensku í daglegu lífi.“

Í íslenskri málstefnu, sem samþykkt var árið 2009, voru sett fram margvisleg markmið um innleiðingu íslensku í tölvuheiminn en að sögn Eiríks hefur hið opinbera lítið gert til þess að uppfylla þessi markmið. Tillaga var samþykkt á Alþingi í vor þess efnis að menntamálaráðherra yrði falið að skipta nefnd sérfræðinga í málfræði og tölvutækni til þess að útbúa aðgerðaáætlun um hvað þyrfti að gera á þessu sviði. Eiríkur á sæti í nefndinni en ráðherra hefur ekki gert skýrsluna opinbera og því er ekki hægt að fjalla um hvað nákvæmlega kemur þar fram. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra í desember þar sem sett var fram 10 ára áætlun. Vonast er til þess að tekið verði tillit til málssins á fjárlögum næsta árs.